

Ályktun um nýtt aðildarfélag

Fjórða þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 samþykkir að nýtt félag stjórnenda í leikskólum verði til innan Kennarasambands Íslands frá og með þingi KÍ 2011. Áður en formleg aðild tekur gildi þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði enda byggist aðildin á þeim:

1. Kjósa þarf undirbúningsnefnd (úr hópi þeirra sem mynda nýja félagið) sem fær það hlutverk að semja drög að lögum fyrir nýtt félag og undirbúa stofnfund árið 2010. Hafa verður hliðsjón af lögum KÍ þar sem lög félagsins mega ekki stangast á við lög KÍ. Þessi vinna þarf að hefjast eigi síðar en á árinu 2009.
2. Gera þarf greiningu á starfsmannþörf í nýju félagi og skilgreina mörkin milli nýs félags og FL á því sviði. Að þessu þurfa að koma fulltrúi nýs félags, fulltrúi FL, formaður og skrifstofustjóri KÍ.
3. Um það bil ári fyrir 5. Þing KÍ (2010) verði haldinn aukaaðalfundur í FL og stofnfundur nýs félags. Undirbúningur þess þarf að hefjast eigi síðar en á árinu 2009.

Verkefni aukaaðalfundar FL

- a. Kosningar til trúnaðarstarfa FL, annarra en embætta á vettvangi KÍ (kjörtímabil yrði fram að reglubundnum aðalfundi FL 2011).
- b. Lagabreytingar?
- c. Önnur mál sem stjórn ákveður.

Verkefni stofnfundar nýs félags

- a. Samþykkt laga fyrir félagið.
 - b. Kosning til trúnaðarstarfa í samræmi við lög nýs félags önnur en embætti innan KÍ. (Kjörtímabil yrði fram að fyrsta reglulega aðalfundi (2011)).
 - c. Önnur mál sem undirbúningsnefnd ákveður.
4. Formaður nýs félags yrði áheyrnarfulltrúi í stjórn og kjararáði KÍ frá stofnfundi árið 2010 og fram að 5. þingi KÍ árið 2011.
 5. Allir kjörnir fulltrúar FL sem kosnir verða til trúnaðarstarfa á vegum KÍ á 4. þingi KÍ í apríl 2008 sitja út kjörtímabilið eða fram að þingi KÍ árið 2011.